



Lögmyndir

Reliefs

# Helgi Gíslason

Kjarvalsstöðir  
8. september – 14. október, 2007

## Helgi Gíslason

Helgi Gíslason er vel þekktur fyrir þríðar brons- og gifsmyn dir sínar sem hafa verið sýndar viða hér á landi og erlendis. Hann hefur haldið fjölda einkasýninga, þar á meðal þrjár á Kjarvalsstöðum, og tekið þátt í samsýningum á norðurlöndunum og viðsvegar í Þýskalandi. Þá má sjá stórr bronsverk hans í almenningsrýmum borgarinnar, meðal annars í Fossvogskirkju og Seðlabanka Íslands.

Í þetta sinn sýnir Helgi Gíslason nýjar lágmyndir í forsíl Kjarvalststaða, þar sem dagsbirtan flæðir inn um stóra gluggana og leikur um form verkanna. Þessi verk eru í aett við teikningu sem er tækni sem Helgi hefur

unnið mikið með, en þau tengjast líka frístandandi skulptúrum hans. Eins og Helgi hefur bent á, á sinn ihugla hátt, þá er lágmyndin „einstigi milli tvíiddar og þrívíddar.“

Hún liggur á milli teikningar og höggmyndar. Form lágmynda eru upphleypt og varpa skuggum þegar ljósið fellur á myndina, rétt eins og form höggmynda gera. Myndistarmenn hafa oft notað lágmyndaformið til að gæða teikningar lifi með því að fára þær inn í briðju víddina. Lágmyndin nærst þá á teikningunni. En Helgi gengur lengra og nýtir sér samspil bessara miðla til hins ítrasta. Hann leyfir teikningunni að móta rýmið. „Já þessum verkum vil ég ... ljá lágmyndinni teikningu blýpennans ... Blíðið er jafnt elfni fyrir mér líkt og gifsið.“



Í lögmyndum sinum er Helgi trúr þeim húmanisma sem hefur verið leiðarljós hans um árabil. Það er ekki ytri raunveruleiki, ekki hið þekkjanlega og nærtæka, sem hann leitar eftir. Heldur eru það formræn og tilflinningarleg tengsl við mannveruna sem hann nær fram, giarnan með því að gefa formunum hreyfingu og sjálfstætt líf. Sjálfur hefur listamaðurinn gefið til kynna hvernig hann sér hlut umhverfisins í myndunum og hvernig hann lætur það tja tilvist einstaklingsins.

„Maðurinn er hvorki stórr né smárr í eðli sínu, hann er ævinlega hluti heilda. Stærð hans, eða smæð mólast af þeim hlutveruleika sem hann er mátaður við. Ég velti fyrir mér þversögninni, að nálægð mannsins sé hvað sterkust í fjarveru hans, að tilvist hans markist öðru fremur af hugsun hans og gjörðum, því er hið figúratífa að finna í ummerkjum hans og þeirri umgjörð sem hann býr sér í samfélagini.“

Helgi Gíslason fæddist 1947 og stundaði nám við Myndlista- og handíðaskóla Íslands frá 1965-70 og síðan við Valand listaháskólann í Gautaborg 1971-76.

Hafþór Yngvason  
Safnstjóri  
Listasafn Reykjavíkur

## Helgi Gíslason

Helgi Gíslason is best known for his bronze sculptures, which have been exhibited widely in Iceland and abroad. He has had several private shows, including three at Kjarvalsstadir, and participated in group exhibitions throughout Scandinavia and Germany. Among his many monumental public sculptures are prominent works at the Central Bank of Iceland and Fossvogur Church.

The current exhibition presents recent sculptural relief in the front gallery at Kjarvalsstaðir, where the sunrays flow freely through the large windows and play on the sculptural forms. The relief is related to drawing, which is a medium that Gíslason has used

extensively, but also to sculpture. As Gíslason points out, in his characteristically contemplative manner, sculptural relief "treads a narrow path between the two dimensional and the three dimensional." The forms of a relief protrude and cast shadows, just as sculptural forms do. Artists have commonly used relief to give life to drawings by bringing them into the third dimension. The relief is then nurtured by the drawing. Gíslason goes further and makes the most of the relationship between these two media, drawing and sculpture. He makes the drawing shape the space of the picture. "In these works," he has said, "I like to give the relief the drawing of the pencil. To me, graphite is a material just like plaster."

When working in relief, Gíslason is true to the humanism that has guided his work for years. It is not the exterior appearance, not the known and common reality that he aims for. Rather, it is the interior relation between forms and emotions that he captures, often by giving the forms movement and independent life. The artist himself has indicated how he sees the role of the environment in his work and how he makes it express individual existence.

"Man is neither large nor small in himself; he is always a part of a whole. His largeness or smallness is determined by the scale of his physical environment. I contemplate the paradox that man's presence is strongest in his absence; that his existence is marked beyond all by his thinking and actions. You find the figure in his traces and in the social framework."

Helgi Gíslason was born in 1947. He studied at the Icelandic College of Arts and Crafts from 1965 to 1970 and at the Valand University of Art in Gothenburg, Sweden, from 1971 to 1976.

Hafþór Yngvason  
Director  
Reykjavík Art Museum



Sunnudag 16. september kl. 15.00

Listamannsspjall

Helgi Gíslason tekur þátt í leiðsögn um sýninguna.

Sunday 16 September 15.00

Artist's Talk

Helgi Gíslason joins a guided tour of the exhibition.

#### Opið Opening hours

**Hafnarhús** Tryggvagata 17, daglega/daily 10–17

**Kjarvalsstöðir** Flókagata, daglega/daily 10–17

**Ásmundarsafn** Ásmundur Sveinsson Sculpture Museum, Sigtún  
1.5.–30.9. daglega/daily 10–16

1.10.–30.4. daglega/daily 13–16

#### Ókeypis aðgangur alla fimmtudaga

Free entrance every Thursday

Aðgöngumiðinn gildir í þrjó daga í öll húsin

The admission ticket is valid for three days in all the museums  
(Hafnarhús, Kjarvalsstöðir, Ásmundarsafn)

Alla sunnudaga kl. 15 er leiðsögn um sýningar á Kjarvalsstöðum og í Hafnarhúsi.

Guided Tours in English Thursdays at 3 pm. at Kjarvalsstöðir

Í boði er táknið tilkun við sunnudagsleiðsögn; panta þarf tilkun með minnst viku fyrirvara.

Hægt er að panta leiðsögn fyrir höpa 10–50 gesta.

Hægt er að fá leiðsögn á erlendum tungumálum.

Upplýsingar [fraedsludeild@reykjavik.is](mailto:fraedsludeild@reykjavik.is)



Mergublaðið

